

Nd.

184. Frumvarp til laga

um viðauka við lög um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskípa, nr. 93 11. júní 1938.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Finnur Jónsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Ef nokkur fjárhæð úr varasjóði er síðar notuð til úthlutunar til hluthafa eða varið til annars en að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins eða stofnkostnaði þess, telst sú fjárhæð til skattskyldra tekna þess á því ári.

Ofangreint ákvæði um frádrátt á tillagi í varasjóð gildir einnig um útgerðarfyrirtæki íslenzkra línuveiðaskípa og vélbáta á árunum 1939—1942.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlzt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 93 11. júní 1938 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni:

Lög um skattgreiðslu íslenzkra útgerðarfyrirtækja.

G r e i n a r g e r ð .

Það verður að teljast rétt og sanngjarnt, að ákvæðið um frádrátt á tillagi í varasjóð í lögum um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskípa verði einnig látið taka til útgerðarfyrirtækja línuveiðaskípa og vélbáta.